

Aðgerðir í atvinnumálum.

Störf í byggingariðnaði

1700 ársverk

Ákvörðun um að halda áfram byggingu tónlistarhússins mun skapa um 600 ársverk. Auk þess verði hraðað útboði á leiguhúsnaði fyrir stofnanir ríkisins, sem heimildir eru fyrir á fjárlögum, þar sem fokheldu húsnaði verður komið í nýtanlegt form. Slík vinna er mjög mannaflsrek, og byggingargeirinn telur áhrifa þessa gæta fljótt. Átakið mun skapa 750 ársverk. Tillaga um hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað í 100% hefur þegar verið lögð fyrir Alþingi, og mun hafa jákvæð áhrif á störf í byggingariðnaði. Lagt er til að endurgreiðsla á vsk. verði látin ná til sumarbústaða og bygginga sveitarfélaga. Mat reyndra byggingaverkfræðinga er að aðgerðin skapi amk. 150 störf, en hugsanlega fleiri. Þá hafa reglur um lán Íbúðalánasjóðs til viðhalds félagslegra íbúða verið rýmkaðar, og þegar nýttar að því marki að 200 störf skapast. Vonir standa til að 100 störf til viðbótar skapist vegna frekari nýtingar breytingarinnar, en af varúðarástæðum eru þau ekki reiknuð inn.

Snjóflóðavarnir

110 ársverk

Ráðist verði í eftirfarandi framkvæmdir við snjóflóðavarnir:

- Bolungarvík – aukning núverandi verks 75 m.kr.
- Fjallabyggð/Ólafsfjörður – snjóflóðagarður..... 220 m.kr.
- Fjarðabyggð/Neskaupstaður – snjóflóðagarður..... 500 m.kr.
- Ísafjörður – Holtahverfi – snjóflóðagarður..... 300 m.kr.

Fjármunir eru til en afla þarf heimilda til að ráðstafa þeim á fjárukalögum. Áætlað er að 110 ársverk skapist við þessar framkvæmdir hjá verktökum, hönnuðum og eftirlitsaðilum.

Græni trefillinn – stígagerð ofl. í sveitarfélögum

230 ársverk

Samstarfsverkefni Skógræktarfélags Ísland, samgönguráðuneytisins og sveitarfélaga um allt land. Verkefnið er vel skipulagt og nær til gróðursetningar, grisjunar og stígagerðar. Í samgönguráðuneytinu eru þegar markaðar 200 milljónir til stígagerðar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að því yrði varið til verkefnisins, en mögulega þarf að breyta ráðstöfun þess með aukafjárlögum. 220 ársverk skapast vegna þessa. Að auki er gert ráð fyrir viðbótarframlögum frá Atvinnuleysistryggingasjóði og sveitarfélögum. Landbrn. hefur jafnframt ákveðið að veita allt að 30 millj. kr. til landshlutaverkefna í skógrækt og áætlað að þeir fjármunir skapi 10 ársverk. Þessu til viðbótar eru í undirbúningi átaksverkefni við grisjun skóga, hreinsun girðinga, og önnur skógræktartengd verkefni. Engin ársverk eru á þessu stigi reiknuð inn vegna þessa.

Orkuviðhald – orkusparnaður

50 – 100 ársverk

Sameiginlegt verkefni iðnaðarráðuneytis, Íbúðalánasjóðs og sveitarfélaga á landsbyggðinni. Frv. þar að lútandi er þegar komið gegnum ríkisstjórn. Styrkir verða veittir til endurbóta á einangrun íbúðarhúsa á svæðum þar sem ríkið greiðir styrki til að lækka húshitunarkostnað, ásamt sérstökum lánnum frá Íbúðalánasjóði. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir skapi störf fyrir iðnaðarmenn og framleiðendum innlendra byggingarefna.

Minni útflutningur óunnins fiskjar – bætt nýting sjávarfangs

300 ársverk

Tæplega 60 þús. tonn af fiski voru á síðasta ári flutt út óunnin á erlendan markað. Væri allt þetta magn unnið innanlands skapaði það 1000-1200 störf. Stefnt er að því að ná þeim árangri að fjórðungur þessa magns verði unninn innanlands. Í apríl mun ennfremur liggja fyrir niðurstaða könnunar sem er í gangi sem miðar að því skapa störf og auka verðmæti í íslenskri fiskvinnslu, m.a. með því að færa að landi meira af aukaafli, svo sem hausa og dálka til vinnslu. Ársverk, sem við það skapast, hafa þó ekki verið reiknuð inn á þessu stigi.

Hækkun endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar

120 – 150 ársverk

Endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndagerðar verður hækkað úr 14% í 20%. Vitað er um tvö kvikmyndaverkefni sem eru í burðarliðnum þar sem þessi lagabreyting gæti ráðið úrslitum um það hvort þau verði unnin hér á landi. Þessi verkefni myndu skapa um 120 ársverk auk þess sem þau myndu hafa mjög jákvæði áhrif á ferðaþjónustu og veitingarekstur.

Þróunarverkefni í ferðaþjónustu

50 ársverk

Margþætt verkefni á vegum ríkisstjórnar sem varða styrki til ferðaþjónustu verða öll gangsett fyrir sumarbyrjun. Þau eru á sviði nýsköpunar, menningartengdrar ferðaþjónustu, fræðslu og þróunar heimavinnslu matvæla, endurbóta á aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og úrbóta á ferðamannastöðum. Verkefni eru unnin af breiðum hópi einstaklinga, fyrirtækja, klasa og sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir að allt að 100 manns fái störf við þessi verkefni á árinu 2009 en afleidd áhrif þeirra þegar á árinu 2010 verði tvöfaldur sá fjöldi. Í varúðarskyni eru aðeins 50 ársverk reiknuð inn.

Frumkvöðlasetur í Reykjavík

100 ársverk

Þriðja frumkvöðlasetrið utan Keldnaholts opnar bráðlega í Reykjavík. Það verður heilsutæknigarður fullbúinn tækjum og aðstöðu fyrir allt að 20 sprotafyrirtæki og 60 manns. Áður opnaði frumkvöðlasetrið Torgið í Austurstræti með aðstöðu fyrir 13 fyrirtæki og Kvosin við Lækjargötu með pláss fyrir allt að 30 fyrirtæki. Tíu fyrirtæki eru búin að koma sér fyrir í Kvosinni og það fjölmennasta hefur 7 sérfræðinga í vinnu. Gert er ráð fyrir að með þessu móti skapist 100 ársverk hið minnsta á þessu ári, og 200 á næsta ári. Í varúðarskyni eru aðeins 100 ársverk reiknuð inn.

Sérfræðingar af atvinnuleysisskrá til nýsköpunarfyrirtækja

300 ársverk

Samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og Vinnumálastofnunar hefur á rúmum mánuði (frá 23. janúar) skapað 52 störf hjá 18 fyrirtækjum. Búast má við að við lok mars verði störfin orðið hátt í 100. Sprotasamtökin gera ráð fyrir að allt að 300 slík störf verði til á árinu.

Bætt samkeppnisstaða nýsköpunarfyrirtækja

1000 ársverk

Með lagfæringu á skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja til samræmis við helstu samkeppnislöndin má skapa fjölda starfa í helstu vaxtargreinum atvinnulífsins. Um er að ræða tvenns konar betrubætur á skattalögum. Annars vegar ívilnanir til fyrirtækja sem stunda viðurkenndar rannsóknir og nýsköpun og hins vegar tímabundinn frádrátt vegna fjárfestinga í viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum. Mat á fjölgun starfa er byggt á samtölum við forystumenn í greininni, og sérfræðingum iðnaðarráðuneytisins.

Fjölgun þeirra sem njóta listamannalauna

33 ársverk

Menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um listamannalaun sem miðar að því að efla listsköpun með því að fjölga listamönnum sem launa njóta. Gert er ráð fyrir að árslaunum listamanna fjölgi úr 100 í 133 árið 2012.

Staða áformaðra verkefna í iðnaði

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir stöðu verkefna, sem einkaaðilar á markaði áforma, og áhrif geta haft á vinnumarkaði. Einungis eru reifuð verkefni, sem með einhverjum hætti eru í formlegu ákvörðunarferli.

Búðarhálsvirkjun

(800 ársverk á byggingatíma)

Öll leyfi eru fyrir hendi til að reisa Búðarhálsvirkjun. Leitað er fjármagns til að ráðast í virkjunina. Vonir Landsvirkjunar standa til að framkvæmdir hefjist á næstu 12 mánuðum.

Endurbygging í Straumsvík

(300 ársverk á byggingatíma)

Ísal hyggst endurnýja framleiðslubúnað í tveimur elstu kerskálum álversins og við það eykst framleiðslugeta álversins um 40 þús. tonn á ári. Álverið verður tæknilega fullkornara og umhverfisvænna að framkvæmdum loknum, sem áætlað er að kosti 330 millj. Bandaríkjadala. Samningaviðræður eru langt komnar við Landsvirkjun um 75 MW rafmagn frá Búðarhálsvirkjun. RTA hefur samið við HRV ráðgjafarverkefningu um hönnun og umsjón með öllum breytingum í kerskálunum án erlendar aðstoðar, og stefnt er að því að nýta íslenska verkataka og þjónustu eins og frekast er kostur. Nú starfa 35 verkefningar að hönnun. Gert er ráð fyrir 2,5 ára framkvæmdartíma og að um 260 manns starfi að jafnaði á framkvæmdatímanum.

Fjárfestingasamningur við Verne Holding

(60-100 störf, og 150 ársverk á byggingatíma)

Viðræður við Verne Holding um fjárfestingarsamning standa yfir. Framvinda verksins er á ný komin á skrið eftir bankahrunið. Fyrirtækið áformar að reisa gagnaver á Vallarheiði í Reykjanesbæ og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á næsta ári. Áætlað er að fjárfest verði fyrir um 250-300 milljónir Bandaríkjadala í fullbyggðu gagnaveri, og að um 60-100 manns verði ráðnir til starfa í gagnaverinu. Framkvæmdir fyrir fyrsta áfanga munu standa yfir í 12-18 mánuði og munu um 150 manns taka þátt í þeim.

Fjárfestingasamningur vegna BPI-sólarkísils

(150 störf og 600 ársverk á bygg.tíma)

Félagið Strokur Energy í samvinnu við erlenda aðila er að skoða 3 staði á landinu til að reisa hreinkísilverksmiðju. Samningaviðræður um orkukaup eru nú þegar í gangi við tvo orkusala. Leitað hefur verið eftir gerð fjárfestingasamnings sem ásamt viðunandi orkusamningi er lykill að framkvæmd verksins. Stefnt er að samningagerð í sumar og að framkvæmdir hefjist í haust. Um 150 manns munu starfa við fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Fjárfestingarkostnaður er áætlaður um 250 millj. Bandaríkjadalar við fyrsta áfanga. Gert er ráð fyrir 2,5 ára framkvæmdartíma og um 600 ársverkum sem jafngildir að um 250 manns starfi að jafnaði á byggingarstað.

Tomahawk sólarkísill

(90 störf, og 400 ársverk á byggingartíma)

Icelandic Silicon Corporation ISC, íslenskt félag í eigu danska félagsins Tomahawk Development fyrirhugar að framleiða 50 þús tonn árlega af kísilmálm í Helguvík með áform um að framleiða síðar sólarkísil með svipuðum hætti og áður er lýst varðandi BPI. Lokið er mati á umhverfisáhrifum með jákvæðu áliti Skipulagsstofnunar. Fjárfesting er áætluð um 160.000 USD. Til að byrja með munu 90 menn starfa í verksmiðjunni. Stefnt er að framkvæmdatíma 2010/2011 og að um 150 starfsmenn vinni á byggingarstað í um 2 ár.